

Ed.

458. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 55 1913, um stofnun landhelgissjóðs Íslands, og á lögum um breyting á þeim lögum, nr. 68 1915.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Í greinargerð þeirri, er fylgir frv. þessu, er það tekið fram, að hagar landhelgissjóðsins sje nú svo álitlegur og tekjur hans það riflegar, sð 20 þús. króna árlegt tillag úr rikissjóði virðist ekki nauðsynlegt honum til eflingar. Sjávarútvegsnefnd getur að vissu leyti fallist á, að svo sje.

Hinsvegar leggur nefndin áherslu á, að þess sje gætt, að hið árlega tillag úr sjóðnum til starfrækslu landhelgisgæsluskipanna verði á hverjum tíma miðað við árstekjur hans, þó þannig, að af þeim verði árlega haldið eftir í sjóðnum eigi minni upphæð en sem svarar þeirri, sem hann yrði sviðtur með þessu frv, ef það nær fram að ganga, svo hann haldi stöðugt áfram að vaxa, og að höfuðstóllinn verði aldrei notaður til annars en byggingar eða kaupa nýrra gæsluskipa.

Þó nefndin telji, að fleiri breytingar á landhelgissjóðslögnum en sú, er felst í þessu frv., sjeu æskilegar, þá vill hún ekki að þessu sinni, þar sem komið er undir þinglok, koma fram með frekari breytingar, en leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1926.

Björn Kristjánsson,
form.

Ingvar Pálmason,
frsm.

Jóhann Jósefsson,
fundaskrif.